



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

35. tölublað, 4. árgangur, júlí-ágúst 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

Það er mögulegt að leiða kýr upp stiga en ekki niður?

## Gjöld

Engin leikskólajöld verða rúkuð fyrir júlí mánuð nema fyrir þau börn sem hætta við sumarfrí. Í staðinn verður ágúst mánuður greiddur að fullu.

Vil minna ykkur á að vera dugleg að fara yfir gjöldin og spyrja ef eitthvað er óljóst.

## Aukaföt-tæming

Allir að muna að tæma aukaföt (bæði inni og úti) áður en farið er í sumarfrí, óskilamunir fara í nytjagám við sumarlokun.

## Kötlukot, opnun ágúst 2015

Kötlukot opnar á ný eftir sumarfrí þriðjudaginn 11. ágúst klukkan 07:45.



## Kæra skólasamfélag

Góðan dag gott fólk!

Nú styttest óðum í sumarfrí hjá okkur. Það hefur mikið verið í gangi í sumar og ætlum við að halda áfram að eiga ánægjulegar stundir fram að sumarlokun föstudaginn 10. júlí. Við höfum ákveðið að festa ekki dagana mikið niður heldur fara eftir áhuga barnanna og veðri hvað við gerum hverju sinni.

Annars vonum við að þið eigið yndislegar stundir í sumarfríinu og við hlökkum til að sjá ykkur aftur hress og kát í ágúst er við byrjum 4. starfsár skólans.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Grunnskólastig-24. ágúst kl. 08<sup>00</sup> MIKILVÆGT

Mánudaginn 24. ágúst hefst skólastarf á grunnskólastigi og skólinn byrjar kl. 08<sup>00</sup> ([sjá stundaskrá 1.-7. bekkur](#)).

**ATH! Aðeins skólaakstur heim þennan dag 13:30.**

Að þessu sinni er ekki um að ræða foreldraviðtöl í upphafi skólaárs en slíkt formlegt samtal er 1. október þar sem kennari og nemandi/foreldrar setjast saman og fara yfir fyrstu vikur skólaársins.

Í stað viðtals verður haldinn sameiginlegur fundur þann 24. ágúst og því eru foreldrar boðaðir í skólann kl. 08<sup>00</sup> þann dag með nemendum. Þá er kynningarfundur um komandi skólaár, farið yfir stundaskrá, skólanámskrá, kennslufyrirkomulag og ýmislegt fleira sem skiptir máli að vita fyrir foreldra og nemendur. Eftir fundinn eru foreldrar beðnir að skrá börnin í áskriftir ef svo skal vera (matur, ávextir, mjólk) og fylla út neyðarkort og fleira.

Fundurinn tekur um klukkustund en nemendur verða áfram í skólanum til 13:30.

## Ábyrgð og skyldur á grunnskólastigi

Við upphaf grunnskólagöngu er hollt fyrir alla og nauðsynlegt að kynna sér ábyrgð og skyldur. [Hér má lesa reglugerð](#) sem fjallar um hlutverk nemenda, foreldra og starfsfólks á grunnskólastigi. Þar segir m.a.

**Foreldrar** bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. **Starfsfólk** skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Skólaganga barns er samvinnuverkefni heimilis og skóla




# Viðburðadagatal júlí 2015

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

|                       |  |   |                       |                       |    |    |
|-----------------------|--|---|-----------------------|-----------------------|----|----|
|                       |  | 1   | 2                     | 3                     | 4  | 5  |
| 6                     | 7  | 8   | 9                     | 10                    | 11 | 12 |
| 13<br><b>Sumarfrí</b> | 14<br><b>Sumarfrí</b><br>Soffía Dröfn<br>afmæli<br> | 15<br><b>Sumarfrí</b><br>Ísadóra<br>afmæli<br> | 16<br><b>Sumarfrí</b> | 17<br><b>Sumarfrí</b> | 18 | 19 |
| 20<br><b>Sumarfrí</b> | 21<br><b>Sumarfrí</b>  | 22<br><b>Sumarfrí</b>   | 23<br><b>Sumarfrí</b> | 24<br><b>Sumarfrí</b> | 25 | 26 |
| 27<br><b>Sumarfrí</b> | 28<br><b>Sumarfrí</b>  | 29<br><b>Sumarfrí</b>   | 30<br><b>Sumarfrí</b> | 31<br><b>Sumarfrí</b> |    |    |

# Viðburðadagatal ágúst 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

|  |  |  |                      |                      | 1  | 2  |
|--|--|--|----------------------|----------------------|----|----|
| 3<br><b>Sumarfrí</b>   | 4<br><b>Sumarfrí</b><br>Ólafur Örn<br>afmæli<br> | 5<br><b>Sumarfrí</b>   | 6<br><b>Sumarfrí</b> | 7<br><b>Sumarfrí</b> | 8  | 9  |
| 10<br><b>Sumarfrí</b><br>Björn Þórir<br>afmæli<br> | 11<br>Kötlukot opnar   | 12   | 13                   | 14                   | 15 | 16 |
| 17   | 18   | 19<br>Andrea Ýr<br>afmæli<br> | 20                   | 21                   | 22 | 23 |
| 24<br><b>Grunnsk. stig<br/>Nemendur og<br/>foreldrar<br/>mæta kl. 08<sup>00</sup><br/>á fund og<br/>kynningu.</b>                    | 25   | 26   | 27                   | 28                   | 29 | 30 |